

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

SENT Á UMSAGNAGÁTT

Reykjavík, 17. marz 2026

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun tollameðferðar á matvælum, beitingu öryggisákvæðis EES og tímabundna lækkun virðisaukaskatts af matvælum, 292. mál

Félag atvinnurekenda og Íslensk-eyrópska viðskiptaráðið (hér eftir samtökin) vísa til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 3. marz sl., um umsögn um ofangreint þingmál á þingskjali 405.

Tillagan virðist í fyrsta lagi ganga út á að tollar á matvörur, sem fluttar eru inn frá Evrópusambandinu, verði hækkaðir um 10% ef viðkomandi vörur keppa við innlenda framleiðslu, sem framleidd er í verulegu magni. (Hér leyfa samtökin sér að umorða texta tillögunnar um að viðbótartollur verði lagður á „þær matvörur frá Evrópusambandinu sem framleiddar eru innan lands í verulegu magni og keppa við innflutning“ enda eru matvörur frá ESB væntanlega framleiddar þar, en ekki á Íslandi.) Í öðru lagi virðast flutningsmenn vilja fela fjármála- og efnahagsráðherra að meta, og eftir atvikum beita, öryggisákvæðum 112.-114. gr. EES-samningsins til að bregðast við „viðvarandi þjóðfélagslegum erfiðleikum í íslenskri matvælaframleiðslu.“ Það er ekki fyllilega ljóst af orðalaginu, en samtökunum sýnist að flutningsmenn vilji að í beitingu öryggisákvæðanna felist að draga saman eða fella niður tollfrjálsa innflutningskvóta, sem Ísland hefur samið um við Evrópusambandið og sömuleiðis að „takmarka eða stöðva“ „aðrar innflutningsheimildir“ en ekki er heldur alveg ljóst hvað þar er átt við. Þriðji liður tillögunnar er skýrastur; að ráðherra verði falið að flytja frumvarp um að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 11% niður í 8%, tímabundið í tvö ár.

Þetta þykja samtökunum allt vondar tillögur (að svo miklu leyti sem þau hafa skilið þær rétt þrátt fyrir ruglingslegt orðalag) og mæla gegn samþykkt þeirra.

Í greinargerð með tillögunni segir að hún sé „ekki viðbragð við einstökum ákvörðunum eða aðgerðum einstakra ríkja eða stofnana.“ Það er ekki mjög sannfærandi, því að fyrsti flutningsmaður tillögunnar flutti fyrstu drög hennar í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi 20. nóvember sl. og þar var tilefnið skýrt; ákvörðun Evrópusambandsins um að beita öryggisákvæðum EES-samningsins og leggja á verndartolla á járnblendi, m.a. frá Íslandi. Þar velti þingmaðurinn því upp að hækka tolla á matvæli til að bregðast við þeirri ákvörðun ESB.

Eins og samtökin hafa bent á áður, líta þau svo á að beiting Evrópusambandsins á öryggisákvæðunum í áðurnefndu járnblendimáli sé brot á EES-samningnum og engar forsendur séu fyrir henni á þeim forsendum að járnblendivinnsla sé í sérstökum vandræðum. Á undanförunum árum eru mörg dæmi um að sérhagsmunaöfl í íslenzku samfélagi hafi hvatt til brota á EES-

samningnum í þágu meintrar verndar einstakra atvinnugreina eða fyrirtækja og má þá t.d. rifja upp brot íslenska ríkisins á ákvæðum samningsins um frjáls viðskipti með ferskt kjöt og egg og þá verndartolla sem hafa verið lagðir á unninn pitsuost síðastliðin ár, þvert á ákvæði samningsins. Að mati samtakanna má ákvörðun Evrópusambandsins ekki verða skálkaskjól til slíkra áframhaldandi brota á samningnum eða leiða til gagnaðgerða, sem veikja EES-samninginn enn frekar. Allir samningsaðilar eiga þvert á móti að leita leiða til að styrkja stoðir EES-samstarfsins og festa í sessi grundvallarreglur samningsins um frjálst flæði vöru, þjónustu, fólks og fjármagns.

Álagning viðbótartolla á innflutning frá ríkjum ESB væri augljóst brot á EES-samningnum. Að minnka eða loka fyrir tollkvóta til innflutnings á búvörum væri sömuleiðis brot á tvíhliða samningum Íslands og ESB, sem gerðir eru á grundvelli 19. greinar EES-samningsins. Síðasta samninginn af því tagi gerði raunar fyrsti flutningsmaður tillögunnar sjálfur, árið 2015, og sagði að tollaniðurfellingin myndi hafa „mjög jákvæð áhrif fyrir neytendur“. Þessi tillaga hans hefði augljóslega mjög neikvæð áhrif fyrir neytendur, yrði henni hrint í framkvæmd.

Einnig má rifja upp, vegna ummæla í greinargerð tillögunnar um að innflutningur samkvæmt samkomulaginu, sem fyrsti flutningsmaður gerði, sé í beinni samkeppni við innlenda framleiðslu, að innlendar kjötafurðastöðvar hafa undanfarin ár boðið í og fengið um og yfir helming tollkvótans fyrir nauta-, alifugla- og svínakjöt frá ESB.

Tillögur um brot á EES-samningnum eru ábyrgðarlausar og ekki til þess fallnar að styrkja stöðu Íslands á sviði alþjóðlegra viðskiptasamninga. Ísland, sem er lítið hagkerfi og mjög háð alþjóðaviðskiptum, á að leggja ofuráherzlu á að ríki heims spili eftir hinum alþjóðlegu leikreglum, sem m.a. fríverzlunarsamningar setja, og á sjálft að ganga á undan með góðu fordæmi.

Hafandi gert tvær tillögur, sem eru til þess fallnar að hækka matvöruverð á Íslandi, gera flutningsmenn svo þá þriðju, sem er að lækka virðisaukaskatt á matvælum tímabundið. Samtökin leggja eindregið gegn slíku hringli með virðisaukaskatt. Stefna stjórnvalda varðandi virðisaukaskattskerfið ætti að vera að einfalda kerfið, fækka undanþágum, breikka skattstofninn og samræma skattprósentuna í einu skattþrepi sem væri mun lægra en hið almenna 24% þrep.

FA og ÍEV mæla gegn samþykkt tillögunnar. Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá eru þau reiðubúin að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA og ÍEV